

## AUGLÝSING

### um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í marsmánuði 1991.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í marsmánuði 1991 verið ákveðið sem hér segir:

1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: Innborgun 4,5 %
2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: Innborgun 4,5 %
3. Afurðir hörpuðiskdeildar: Innborgun 1,0 %

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 22. febrúar 1991.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Gylfi Gautur Pétursson.*

## REGLUGERÐ

### um afnám veiðibanna við Vestmannaeyjar.

1. gr.

Frá og með 26. febrúar 1991 eru felldar úr gildi eftirtaldar reglugerðir: nr. 195, 19 apríl 1989, um bann við togveiðum við Príðranga, nr. 110 6. mars 1990, um bann við veiðum vestan Vestmannaeyja og nr. 206 1990, um bann við tog- og dragnótaveiðum við Vestmannaeyjar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 25. febrúar 1991.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að setja einstefnu á Mjóstræti frá innkeyrslu í bílastæðahús Vesturgötu 7 að Bröttugötu og á Bröttugötu frá Mjóstræti að innkeyrslu í bílageymslu Aðalstrætis 8.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 20. febrúar 1991.*

**Böðvar Bragason.**